

Fundur nr. 21 hjá RNSA - sjóslysasvið

Fundur nr. 21 hjá RNSA sjóslys var haldinn þann 5. desember 2016. Næsti fundur verður 9. janúar n.k.

Mættir nefndarmenn voru Ingi Tryggvason, Hilmar Snorrason, Pálmi K Jónsson og Hjörtur Emilsson. Einnig voru á fundinum starfsmenn nefndarinnar, Jón A Ingólfsson rannsóknarstjóri og Einar Ingi Einarsson rannsakandi.

Á dagskrá fundarins voru 14 mál þar af 13 mál til loka afgreiðslu sem afgreidd voru sem drög á fundi nr. 19 þann 17. október s.l. Mál nr. 07215, Jón Hákon BA 60 tekið fyrir en ekki tókst að ljúka drögum að skýrslu og verður afgreiðslu þess haldið áfram á næsta fundi. Tafla 1 sýnir þau mál sem voru loka afgreidd. *Hægt er að nálgast allar lokaskýrslur hér á vefnum á PDF formi.*

Tafla I Lokaafgreidd mál		
Mál nr.	Skip	Atvik
05515	Herjólfur	Annað atvik
06415	Baldur	Tók niðri - leki
08415	Æskan GK 506	Eldur um borð og dregin til hafnar
12615	Guðmundur í Nesi RE 13	Slys á fólki
12815	Bergur Sterki HU 17	Fékk á sig brotsjó
00116	Sæfugl ST 81	Strandar
00716	Sævar	Slys á fólki
01016	Hoffell SU 80	Slys á fólki - skurður, stunga
01116	Hringur SH 153	Slys á fólki - fallslys
03216	Sturla GK 12	Slys á fólki
04916	Benni Sæm GK 26	Slys á fólki - fallslys
07916	Dröfn	Strandar
08116	Eyjólfur Ólafsson HU 100	Strandar